



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 20. janúar 2021

R21010198

670

ak/ep

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

***Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við auglýsingar og kynningarmál vegna verkefnisins Hverfið mitt***

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 14. janúar 2021, var svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins vísað til umsagnar mannréttinda-, og lýðræðisskrifstofu, sbr. 11. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Óskað er eftir upplýsingum um kostnað við auglýsingar og kynningarmál vegna verkefnisins Betra hverfi/ Hverfið mitt, sundurliðað eftir því fyrir hvað var greitt og hverjum var greitt. Sömuleiðis er spurt hvort umræddur auglýsinga- og kynningarkostnaður sé hluti af fjárveitingu til verkefnisins og þá hversu stór hluti.

Svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Samningur um gerð auglýsingaefnis og birtinga vegna hugmyndasöfnunar og kosningu í verkefninu hverfið mitt árið 2020 - 2021 var gerður við auglýsingastofuna Hvíta húsið sem sér alfarið um kynningu á verkefninu. Áður en samið var við Hvíta húsið fór fram verðfyrirspurn í samráði við innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar haustið 2020. Kostnaður við gerð auglýsinga og birtingar vegna ársins 2020 eru kr. 12 milljónir og 10,5 milljónir eru áætlaðar í verkefnið árið 2021. Heildarfjármagn skrifstofunnar vegna lýðræðisverkefna eru kr. 35 milljónir og er því kostnaður vegna auglýsinga og kynningar 30-33% af heildarfjármagni lýðræðisverkefna.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir